

Ár 2011, fimmtudaginn 20. janúar kl. 17 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Velferðarráðuneytinu frá 3. janúar 2011.**

Í bréfinu beinir velferðarráðherra þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær tryggi að einstaklingar hafi að lágmarki sambærilega fjárhæð og atvinnuleysisbætur til framfærslu á mánuði.

Hveragerðisbær veitir nú þegar íbúum sínum sem á þurfa að halda fjárhagsaðstoð sem er í samræmi við það sem tíðkast annarsstaðar. Um nýliðin áramót hækkuðu framfærslustyrkir miðað við vísitölu og því telur bæjarráð að vel sé staðið að þessum málum í Hveragerði.

1.2. **Lögmanni Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. janúar 2011.**

Í bréfinu er farið yfir áhrif nýrra mannvirkjalaga á umboð byggingarnefnda.

Bæjarstjóra falið að fylgjast með gerð nýrra reglugerða og í framhaldi að útbúa drög að sérstakri samþykkt um störf byggingarfulltrúa og byggingarnefndar er lögð verður fyrir bæjarstjórn. Þar til samþykktin liggur fyrir verður afgreiðsla mála í samræmi við núgildandi lög og það verklag sem í gildi hefur verið hjá Hveragerðisbæ.

1.3. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 10. janúar 2011.**

Í bréfinu er ályktun frá menntamálanefndar SASS sem haldinn var 4. janúar sl. um skólaskrifstofu Suðurlands.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir að framkvæmdastjóri skólaskrifstofu Suðurlands mæti á næsta fund bæjarstjórnar.

1.4. **Golfklúbbi Hveragerðis frá 17. janúar 2011.**

Í bréfinu óskar Golfklúbbur Hveragerðis eftir viðræðum við bæjarstjóra um framkvæmd á samningi um viðhald á íþróttavöllum samkvæmt fylgiskjali 3 í þjónustusamningi milli aðila fyrir starfsárið 2011.

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

1.5. **Sunnlenskri orku ehf frá 5. janúar 2011.**

Í bréfinu er boðað á aðalfund Sunnlenskrar orku ehf sem haldinn verður föstudaginn 21. janúar 2011.

Bæjarráð samþykkir að fulltrúi Hveragerðisbæjar á aðalfundinum, Aldís Hafsteinsdóttir, geri grein fyrir þeim vilja bæjarráðs að Hveragerðisbær gangi úr félaginu Sunnlenskri orku. Það er ljóst að hagsmunum Hveragerðisbæjar er betur borgið utan þessa félags en bæjarráð er eindregið þeirrar skoðunar að jarðvarmavirkjanir séu óásættanlegar svo nálægt byggð.

2. Starfsmanna málefni:

2.1. Samkomulag um kjarasamningsumboð.

Lagt fram samkomulag þar sem Hveragerðisbær felur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar.

Samkomulagið samþykkt.

2.2. Listi yfir starfsmenn sem eru undanþegnir verkfallsheimild.

Lagður fram listi yfir þá starfsmenn sem eru undanþegnir verkfallsheimils. Listinn hefur verið sendur til viðkomandi stéttarfélaga til umsagna.

Bæjarráð samþykkir að bærstjóri auglýsi listann með þeim breytingum sem stéttarfélögin kunna að óska eftir.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Erindið fært í trúnaðarmálabók.

3.2. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. janúar 2011 vegna eftirlits með eftirlitskerfum í fasteignum bæjarins.

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem hann hefur fengið tilboð frá Árvirkjanum í eftirlit með 9 brunaviðvörðunarkerfum og 3 öryggiskerfum bæjarins.

Samþykkt að taka tilboðinu.

3.3. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 13. janúar 2011 vegna kulda í íþróttasal og annars viðhalds í íþróttahúsi.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrú þar sem rætt er um hitavandamál í íþróttahúsinu auk annars viðhalds sem þarf að fara í á árinu 2011.

Bæjarráð samþykkir að fara í bráðabirgðaaðgerðir vegna hitavandamáls og vísar kostnaði til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

3.4. Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi hjá Hveragerðisbæ.

Lagðar fram reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega.

Bæjarráð samþykkir reglurnar.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 14. janúar

2011.
4.2.
janúar 2011.

Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 14.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:15

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)